**Nd. 447. Tillaga til þingsályktunar**

um skipun nefndar samkvæmt 34. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka, að hve miklu leyti símaleynd hefir verið rofin.

Flm.: Jakob Möller, Pétur Halldórsson, Sigurður Kristjánsson, Garðar Þorsteinsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd, kosna með hlutfallskosningu, til að rannsaka, að hve miklu leyti og í hverju augnamiði símaleynd hefir verið rofin, og að hverra tilhlutun. Nefndin hefir vald til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum, samkvæmt 34. gr. stjórnarskrárinnar.